

Nr. 1 Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur
hinn 9. október 2018

STEFNA

Kaupþing ehf.
Kt. 560882-0419
Borgartúni 26
Reykjavík

GJÖRIR KUNNUGT: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Kevin Gerald Stanford, kt. 290760-2169, til heimilis að The Dower House, Roydon Hall Road, Tonbridge, Kent, TN12 5NH, Bretlandi.

I. Dómkröfur

Þess er *aðallega* krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 12.945.134.866 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. október 2008 til greiðsludags.

Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 12.445.518.000 kr. ásamt 19,8% vöxtum frá 19. ágúst 2008 til 2. september 2008, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati réttarins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

II. Málflutningsumboð og fyrirsvaer

Í fyrirsvaeri fyrir stefnanda er Paul David Copley, kt. 040575-3759, framkvæmdastjóri. Stefán A. Svensson lögmaður (hrl.), Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málsatvik og málsástæður

A. Inngangur

1. Stefnandi, áður Kaupþing banki hf., starfaði sem viðskiptabanki fram til 9. október 2008, þá er Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar bankans, vék stjórn hans frá og setti yfir hann skilaneftnd með heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Yfir stefnanda var skipuð slitastjórn 25. maí 2009. Stefnandi gerði nauðasamning við kröfuhafa sína, sbr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, sem staðfestur var af Héraðsdómi Reykjavíkur 15. desember 2015.

Núverandi starfsemi stefnanda er einkum fólgin í eignaumsýslu, þ.m.t. innheimtu og innlausn á kröfum sem félagið er eigandi að.

- Meðan stefnandi starfaði sem viðskiptabanki starfrækti hann fjölda dótturfélaga víða um heim, þeirra á meðal Kaupthing Bank Luxembourg S.A. („**Kaupþing Lúxemborg**“). Eftir fall stefnanda 9. október 2008 gekk Kaupþing Lúxemborg í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu eftir þarlendum lögum og þann 10. júlí 2009 var rekstur þess færður yfir í félögin Banque Havilland S.A. og Pillar Securitisation S.a.r.l.

B. Sakarefnið

- Mál þetta er höfðað til endurgreiðslu á láni sem stefnandi veitti stefnda 19. ágúst 2008 til að fjármagna kaup stefnda á hlutabréfum í stefnanda. Stefndi var á þessum tíma umsvifamikill viðskiptavinur Kaupþingssamstæðunnar og var hann m.a. einn stærsti lántakandinn hjá Kaupþingi Lúxemborg.
- Aðdragandi lánveitingarinnar er sá að í ágúst 2008 keypti Kaupþing Lúxemborg samtals 17.300.000 hluti í stefnanda, þar af 16.700.000 hluti af stefnanda sjálfum í þrennum viðskiptum, þ.e. 6.000.000 hluti 7. ágúst, 5.000.000 hluti 8. ágúst, og 5.700.000 hluti 11. ágúst, og svo 600.000 hluti 11. ágúst af H.F. Verðbréfum hf. Kaupverðið sem Kaupþing Lúxemborg greiddi fyrir framangreinda hluti í stefnanda var alls 12.383.600.000 kr. og er þá ekki tekið tillit til þóknana. Uppgjörsdagur allra viðskiptanna var 18. ágúst 2008 (e. settlement date). Nánar tiltekið var gengi og kaupverð í framangreindum viðskiptum svofellt:

Dagsetning	Seljandi	Gengi	Fjöldi hluta	Kaupverð án þóknunar
7. ágúst 2008	Stefnandi	710	6.000.000	4.260.000.000 kr.
8. ágúst 2008	Stefnandi	715	5.000.000	3.575.000.000 kr.
11. ágúst 2008	Stefnandi	722	5.700.000	4.115.400.000 kr.
11. ágúst 2008	H.F. Verðbréf hf.	722	600.000	433.200.000 kr.
Samtals			17.300.000	12.383.600.000 kr.

- Þótt Kaupþing Lúxemborg hafi keypt framangreinda hluti í eigin nafni voru hlutirnir í raun réttir keyptir í þágu stefnda og þeir eignfærðir á reikning stefnda hjá Kaupþingi Lúxemborg nr. 100977 („00.100977_1“). Þetta verður m.a. ráðið af staðfestingum, sem Kaupþing Lúxemborg gaf út í tilefni af fyrrgreindum hlutabréfaviðskiptum og stílaðar eru á stefnda, en þar kemur m.a. fram að stefndi hafi keypt tiltekinn fjölda hluta í stefnanda á nánar tilgreindu gengi og kaupverði, sbr. samandregnar upplýsingar í töflunni hér að framan.
- Þann 19. ágúst 2008 veitti stefnandi stefnda peningamarkaðslán að fjárhæð 12.445.518.000 kr. til að fjármagna kaup hans á 17.300.000 hlutum í stefnanda, sem

að framan er lýst. Lánið var lagt inn á áður nefndan reikning stefnda hjá Kaupþingi Lúxemborg nr. 100977. Af hálfu stefnanda og Kaupþings Lúxemborg voru gefnar út staðfestingar vegna lánveitingarinnar, stílaðar á stefnda, þar sem gerð er grein fyrir höfuðstóli lánsins, samningsvöxtum, gjalddaga, greiðsluupplýsingum o.fl. Um lánveitinguna gilda jafnframt almennir skilmálar stefnanda um verðbréf og gjaldeyrisviðskipti milli stefnanda og viðskiptavina hans (e. general terms for securities and currency transactions between Kaupthing Bank and its clients), frá júní 2005, sem stefndi undirritaði 18. maí 2006.

7. Í staðfestingu frá stefnanda á umræddu láni til stefnda, dags. 19. ágúst 2008, kemur nánar tiltekið fram að höfuðstóll lánsins sé 12.445.518.000 kr. og að það beri 19,8% vexti (dagregla vaxta er ACT/360). Í staðfestingunni kemur fram að gjalddagi lánsins sé 2. september 2008, en þá skyldi stefndi endurgreiða stefnanda alls 12.541.348.488 kr., þ.e. höfuðstól ásamt áföllnum vöxtum frá 19. ágúst 2008 til 2. september 2008 ($12.541.348.488 - 12.445.518.000 = 95.830.488$ kr.).
8. Þann 2. september 2008 var gjalddagi lánsins til stefnda færður til 30. september 2008 og áfallnir vextir frá 19. ágúst 2008 til 2. september 2008 um leið lagðir við höfuðstól lánsins ($12.445.518.000 + 95.830.488 = 12.541.348.488$). Þann 30. september 2008 átti stefndi að endurgreiða stefnanda 12.734.485.256 kr., en sú upphæð samanstendur af nýjum höfuðstól lánsins samkvæmt framansögðu (12.541.348.488 kr.) ásamt 19,8% vöxtum af honum frá 2. september 2008 til 30. september 2008 ($12.734.485.256 - 12.541.348.488 = 193.136.768$ kr.). Á þeim degi var gjalddagi lánsins framlengdur til 30. október 2008 og áfallnir vextir frá 2. september 2008 til 30. september 2008 jafnframt lagðir við höfuðstól lánsins ($12.541.348.488 + 193.136.768 = 12.734.485.256$). Á gjalddaga 30. október 2008 skyldi stefndi endurgreiða stefnanda 12.945.134.866 kr., en sú fjárhæð samanstendur af þeirri upphæð sem koma átti til greiðslu 30. september 2008 samkvæmt framansögðu, ásamt 19,85% vöxtum af þeirri upphæð frá 30. september 2008 til 30. október 2008 ($12.945.134.866 - 12.734.485.256 = 210.649.610$ kr.).
9. Samandregið var staða lánsins, þ.m.t. höfuðstóls og vaxta, eftirfarandi á viðkomandi tímasetningum:

Höfuðstóll láns 19. ágúst 2008	12.445.518.000 kr.
19,8% vextir 19. ágúst 2008 – 2. september 2008	95.830.488 kr.
Höfuðstóll láns 2. september 2008 (að viðbættum vöxtum)	12.541.348.488 kr.
19,8% vextir 2. september 2008 – 30. september 2008	193.136.768 kr.
Höfuðstóll láns 30. september 2008 (að viðbættum vöxtum)	12.734.485.256 kr.
19,85% vextir 30. september 2008 – 30. október 2008	210.649.610 kr.
Staða láns á gjalddaga 30. október 2008	12.945.134.866 kr.

10. Framangreint lán stefnanda til stefnda skyldi endurgreitt á gjalddaga inn á tilgreindan bankareikning í eigu stefnanda á Íslandi (300-26-1010), svo sem nánar greinir í fyrirbyggjandi staðfestingum um lánið og í samræmi við almenna skilmála stefnanda sem áður var getið. Engin greiðsla barst frá stefnda á gjalddaga lánsins 30. október 2008 og hefur lánið verið í vanskilum síðan. Stefnandi er því knúinn til að höfða mál þetta og krefjast endurgreiðslu lánsins úr hendi stefnda ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, samkvæmt því sem nánar greinir í stefnu þessari.
11. Framangreindu til samræmis er þess krafist í *aðalkröfu* að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda útistandandi fjárhæð lánsins á endanlegum gjalddaga 30. október 2008. Krafan ber dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. október 2008 til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu laga, sbr. einnig hér síðar.
12. Í *varakröfu* er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda upphaflegan höfuðstól lánsins sem greitt var út til stefnda 19. ágúst 2008 ásamt 19,8% vöxtum frá þeim degi fram til (upphaflegs) gjalddaga 2. september 2008, sem tilgreindur er í staðfestingu vegna lánsins, dags. 19. ágúst 2008. Nemur varakrafa því 12.445.518.000 kr., sbr. og fyrri umfjöllun. Krafan ber dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 2. september 2008 til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu laga.
13. Þess er að gæta að stefnandi og stefndi hafa, raunar alveg frá falli stefnanda í október 2008, átt í deilum af margvíslegum toga, þ.m.t. fyrir erlendum dómstólum, sem tengjast lögskiptum þeirra, þ.m.t. meintri greiðsluskyldu stefnda gagnvart stefnanda vegna ýmiss konar lögskipta. Ekki hefur tekist að leiða þær deilur til lykta og stefnanda því óhjákvæmilegt að höfða mál þetta á hendur stefnda.

C. Sakamál m.a. vegna lánveitingar til stefnda

14. Þann 6. október 2016 gekk í Hæstarétti dómur í sakamáli sem höfðað var með ákæru 15. mars 2013 á hendur nokkrum fyrrverandi stjórnendum og starfsmönnum stefnanda (hæstaréttarmál nr. 498/2015). Í dómi Hæstaréttar voru ákærðu sakfelld ýmist fyrir markaðsmisnotkun, þ.e. brot gegn 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, vegna tilgreindra kaupa og sölu stefnanda á hlutabréfum í stefnanda sjálfum, og fyrir umboðssvik, þ.e. brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga, vegna tilgreindra lána sem stefnandi veitti til fjármögnunar á kaupum á hlutum í stefnanda sjálfum. Dómurinn hefur sönnunargildi í máli þessu eftir því sem við á, sbr. 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
15. Ein af þeim lánveitingum sem ákært og sakfelld var fyrir í fyrrgreindu sakamáli er lánveitingin til stefnda 19. ágúst 2008 sem stefndi er sóttur til endurgreiðslu á með stefnu þessari, sbr. umfjöllun í kafla B hér að framan. Í sakamálinu voru Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrum forstjóri stefnanda, og Sigurður Einarsson, fyrrum

stjórnarformaður stefnanda, nánar tiltekið ákærðir fyrir umboðssvik fyrir umrædda lánveitingu til stefnda, þ.e. „með því að hafa í ágúst 2008 misnotað aðstöðu sína hjá [stefnanda] og stefnt fé hans í verulega hættu þegar þeir fóru út fyrir heimildir til lánveitinga og veittu í sameiningu [stefnda] ... 12.445.518.000 króna peningamarkaðslán til að fjármagna að fullu kaup á hlutum í [stefnanda] án þess að fyrir lægi samþykki þar til bærrar lánanefndar [stefnanda] og án þess að endurgreiðsla lánsins væri tryggð í samræmi við ákvæði reglubókar [stefnanda] um töku trygginga fyrir útlánum þótt þeir vissu að fjárhagsstaða lánþegans væri slæm“, svo sem nánar er rakið í kafla III-D ákæru sakamálsins og rökstuðningi með ákærunni. Í dómi Hæstaréttar var ákærði Hreiðar Már Sigurðsson sakfelldur fyrir hlutdeild í umboðssvikum samkvæmt ákæru vegna framangreindrar lánveitingar til stefnda, en ákærði Sigurður Einarsson sýknaður af þeim sakargiftum.

D. Lögsaga o.fl.

16. Á því er byggt að samningsskuldbinding stefnda gagnvart stefnanda lúti íslenskum lögum. Leiðir það m.a. af almennum skilmálum stefnanda sem stefndi undirritaði og áður voru nefndir, sbr. 3. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar. Þar að auki hefur samningurinn, sem gerður var við íslenskan viðskiptabanka með höfuðstöðvar hér á landi (stefnanda) og er um lán í íslenskum krónum til fjármögnunar á kaupum á hlutabréfum í stefnanda, ljóslega sterkust tengsl við Ísland, sbr. 4. gr. fyrrnefndra laga.
17. Auk þess sem lánsskuldbindingin, þ.m.t. atriði sem greinir í 10. gr. fyrrnefndra laga, lýtur íslenskum lögum samkvæmt framansögðu, verður stefndi sóttur fyrir dómi í Reykjavík til endurgreiðslu lánsins, sem er sá staður þar sem efna átti skuldbindinguna m.a. samkvæmt fyrirbyggjandi staðfestingum um lánið og almennum reglum kröfuréttar, sbr. og almenna skilmála stefnanda sem stefndi undirritaði 18. maí 2006 og áður var getið. Um lögsögu og varnarþing fyrir íslenskum dómstólum vísast m.a. til 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 42. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og sambærileg ákvæði í 5. gr. og 23. gr. Lúganósamningsins um dómssvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum, sbr. lög nr. 7/2011.

IV. Lagarök

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn einkum á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og efndir fjárskuldbindinga. Um lögsögu og varnarþing vísast m.a. til 35. gr. og 3. mgr. 42. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem og ákvæða Lúganósamningsins um dómssvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum, sbr. lög nr. 7/2011. Um dráttarvaxtakröfu vísar stefnandi til 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Málskostnaðarkrafa styðst við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

V. Sönnunargögn. Skýrslutökur. Áskilnaður

Við þingfestingu málsins leggur stefnandi meðal annars fram gögn sem liggja til grundvallar málavaxtalýsingu í stefnu þessari, þ.m.t. staðfestingar á lánveitingu til stefnda sem stafa frá stefnanda og Kaupþingi Lúxemborg, staðfestingar vegna viðskipta með hluti í stefnanda, tölvubréfasamskipti fyrrum starfsmanna stefnanda og Kaupþings Lúxemborgar o.fl., auk fyrrgreinds dóms Hæstaréttar 6. október 2016 í máli nr. 498/2015.

Áskilinn er réttur til að afla og leggja fram frekari gögn á síðari stigum málsins, svo og tefla fram frekari dómkröfum, málsástæðum og lagarökum eftir því sem tilefni verður til og lög leyfa. Ekki er gert ráð fyrir skýrslutökum fyrir dómi á þessu stigi, en áskilinn er réttur til að leiða aðila og/eða vitni fyrir dóm og nafngreina þau á síðari stigum ef tilefni verður til.

VI. Fyrirkall

Hér með er skorað á stefnda, Kevin Gerald Stanford, að mæta er mál þetta verður þingfest í **Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu v/ Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, þriðjudaginn 9. október 2018, kl. 10:00 árdegis**, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 1. júní 2018,

f.h. stefnanda,



Stefán A. Svensson lögmaður

Til Héraðsdóms Reykjavíkur



APOSTILLE

(Convention de La Haye du 5 octobre 1961)

1. Country : Iceland
This public document
2. has been signed by Bryndís Bachmann
3. acting in the capacity of District Commissioner of the Metropolitan Area
4. bears the seal/stamp of Notarius Publicus - Reykjavik

Certified

5. at... The Ministry for Foreign Affairs 6. the 07.06.2018
7. by .. Jóna Gróa Valdimarsdóttir
8. N° 1949
9. Seal/stamp 10. Signature

Jóna Valdimarsdóttir